

## **12. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 6. janúar 2020 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Sigurður Sigurjónsson, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Þröstur Jónsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### **1. Hrunaljós: Ljósleiðaravæðing Flúða.**

Hannibal og Jón fóru yfir vinnu sem fram hefur farið frá síðasta fundi hvernig hægt væri að standa að ljósleiðaravæðingu í þéttbýlinu á Flúðum. Fyrir liggur kostnaðarmat og aðrar upplýsingar um verkið frá Guðmundi Daníelssyni verkefnistjóra Hrunaljóss hvað það myndi kosta að klára að leggja ljósleiðara í þær fasteignir á Flúðum sem ekki eru tengdar ljósleiðara. Þá voru einnig lagðar fram rekstraráætlanir og mat á lágmarkspáttöku vegna verkefnisins. Veitustjórn samþykkir að farið verði í verkefnið að því gefnu að helmingur fasteigna taki þátt. Að öðru leyti er málinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

### **2. Hrunaljós: Gjaldskrá.**

Fyrir liggur tillaga að breytingu á gjaldskrá Hrunaljóss fyrir árið 2020 ef gert yrði ráð fyrir að Hrunaljós færi í að leggja ljósleiðara í þéttbýlinu á Flúðum. Þar er gert ráð fyrir að tengigjald yrði kr. 32.000 + VSK. Veitustjórn samþykkir tillögu að gjaldskrá.

### **3. Jarðhitasvæðið á Flúðum.**

Hannibal fór yfir stöðu jarðhitakerfis Hitaveitu Flúða á Flúðum en síðustu vikur varð niðurdráttur í holum hitaveitunnar sem hefur minnkað afköst kerfisins. Veitustjórn felur veitustjóra að fá fagaðila að málinu til að meta jarðhitakerfið og athuga möguleikana í stöðunni.

### **4. Kópsvatnsholan.**

Hannibal og Jón fóru yfir stöðu varðandi Kópsvatnsholuna. Fram kom að áhugi er hjá Flúðaorku að koma upp stærri djúpdælu í holuna og er það til skoðunar. Þá var farið yfir stöðu á jarðhitaréttindum og ráðstöfun þeirra.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 16:20.